Þingskjal nr. __

Flytjandi Hestamannafélagið Þytur, Hestamannafélagið Adam, Hestamannfélagið Borgfirðingur og Hestamannafélagið Snæfellingur.

Lagt fyrir _____

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir að viðurkenna hestafimleika (Vaulting) sem íþróttagrein innan Landssambands hestamannafélaga (LH). Viðurkenningin felur í sér að hestafimleikar verði skilgreindir sem sjálfstæð íþróttagrein innan LH, með möguleika á skipulögðu æfinga- og keppnisstarfi. Sem fyrsta skref í uppbyggingu greinarinnar samþykkir þingið jafnframt að heimilt verði að þróa og halda keppni í hestafimleikum á byrjendastigi, með það að markmiði að skapa öruggan og faglegan grunn fyrir áframhaldandi þróun greinarinnar.

Þingið samþykkir jafnframt að:

1. Hestafimleikar verði teknir inn sem íþróttagrein innan LH og njóti þar með viðeigandi stöðu og viðurkenningar sem íþróttagrein.
2. Keppnisfyrirkomulag á byrjendastigi verði fyrsta stig í uppbyggingu greinarinnar, þannig að börn, unglingar og aðrir byrjendur geti tekið þátt í öruggum og stigvaxandi keppnum.
3. Gildandi FEI Vaulting Rules, ásamt öðrum viðeigandi reglum og leiðbeiningum FEI, verði hafðar til hliðsjónar sem alþjóðlegur og tæknilegur viðmiðunarrammi við uppbyggingu greinarinnar.
4. Leggja fyrir þingið drög að reglugerð um hestafimleika.
5. LH vinni áfram í samráði við starfandi iðkendur, þjálfara, hringteymara, dómara og aðra sérfræðinga, íslenskt reglugerðarverk fyrir hestafimleika sem taki mið af íslenskum aðstæðum og geri ráð fyrir stigvaxandi þróun frá byrjendastigi yfir í lengra komið keppnisstig.
6. Við þróun keppnisfyrirkomulagsins verði sérstaklega horft til öryggis iðkenda, velferðar hestsins, fagmennsku, sanngirni, jafnræðis og íþróttalegs heiðarleika.
7. LH vinni markvisst að uppbyggingu greinarinnar með fræðslu og stuðningi við iðkendur, þjálfara, hringteymara, dómara og annað fagfólk.
8. LH kanni möguleika á samstarfi við FEI og erlend landssambönd og samtök þar sem hestafimleikar eru stundaðir, meðal annars varðandi reglur, fræðslu, þjálfun, öryggi, hestavelferð og dómaramenntun.
9. Við uppbyggingu greinarinnar verði sérstaklega horft til barna- og unglingastarfs, þannig að hægt sé að hefja þátttöku á einföldu og öruggu byrjendastigi og byggja færni iðkenda stig af stigi.
10. Stjórn LH feli viðeigandi nefnd eða starfshópi að vinna áfram að útfærslu reglugerðarverks og keppnisfyrirkomulags og leggja tillögur að áframhaldandi þróun greinarinnar fyrir stjórn LH eða Landsþing eftir því sem lög og reglur LH kveða á um.
11. Langtímamarkmið uppbyggingarinnar verði að þróa hestafimleika á Íslandi í átt að

alþjóðlegri keppnisgrein, með FEI sem fyrirmynd, þannig að íslenskir iðkendur geti til framtíðar tekið þátt í alþjóðlegu keppnisstarfi.

Greinargerð:

Forsaga
Hestafimleikar hafa verið stundaðir um nokkurra ára skeið hjá Hestamannafélaginu Þyt og fleiri hestamannafélög hafa nú þegar hafið námskeið og starfsemi tengda greininni. Á fundi stjórnar LH 8. október 2025 var kynning á hestafimleikum og bent á að greinin geti aukið fjölbreytni innan hestamennskunnar. Sérstaklega var bent á að fjölmörg börn geti nýtt sama hestinn og að greinin geti þannig skapað ný tækifæri til þátttöku í hestaíþróttum. Á fundi stjórnar LH 20. október 2025 var málið rætt áfram. Stjórn LH taldi greinina áhugaverða en taldi rétt að hún yrði lögð fyrir Landsþing sem tillaga til umræðu og afgreiðslu.

Rökstuðningur
1. Viðurkennd umgjörð og fagmennska
Með því að viðurkenna hestafimleika sem íþróttagrein innan LH verður hægt að tryggja að starfsemi greinarinnar falli undir viðurkennda íþróttalega og siðferðilega umgjörð LH.
Það skapar sameiginlegan grundvöll varðandi:

- velferð hestsins,
- öryggi iðkenda,
- fagmennsku þjálfara,
- hæfni dómara,
- sanngjarna keppni,
- íþróttalegan heiðarleika,
- og meðferð mála þegar upp koma ágreinings- eða agamál.

Þetta fellur vel að hlutverki LH samkvæmt lögum sambandsins. Þar kemur meðal annars fram að LH skuli vinna að eflingu hestaíþrótta, hafa yfirstjórn hestaíþrótta, vinna að fræðslu- og kynningarstarfi, stuðla að stofnun nýrra sérráða og starfshópa og sjá til þess að nauðsynlegar reglur um keppni í hestaíþróttum séu til staðar.

2. Alþjóðlegt regluverk
Hestafimleikar eru alþjóðleg hestaíþróttagrein innan FEI.
FEI Vaulting Rules mynda tæknilegan grunn alþjóðlegra keppna í greininni. Reglurnar eru þó fyrst og fremst ætlaðar fyrir FEI-keppnir og þarf að lesa þær í samhengi við aðrar reglur og reglugerðir FEI. Fyrir Ísland er því lagt til að FEI-reglurnar verði hafðar til hliðsjónar og verði tæknilegur viðmiðunarrammi, en að sérstakar íslenskar reglur verði settar um uppbyggingu greinarinnar, sérstaklega á byrjendastigi.

3. Uppbygging nýrrar greinar
Greinin er enn ung á Íslandi og því mikilvægt að byggja hana upp með markvissum hætti sem íþróttagrein, þar sem byrjendastig keppni verði fyrsta skrefið. Regluverkið þarf að tryggja að hægt sé að hefja þátttöku með einföldum og öruggum hætti á byrjendastigi og þróa greinina síðan áfram í átt að alþjóðlegum keppnisstöðlum.

4. Fræðsla og alþjóðlegt samstarf
Til að byggja upp faglegt kerfi hér á landi er mikilvægt að leita aðstoðar erlendra sérfræðinga við:

- þjálfun þjálfara,
- menntun dómara,
- öryggisfræðslu,
- fræðslu um velferð hestsins,
- keppnisframkvæmd,
- og uppbyggingu íslensks reglugerðar- og dómarakerfis.

LH er jafnframt eðlilegur vettvangur til að halda utan um slíkt alþjóðlegt samstarf. Við viðurkenningu á hestafimleikum hjá LH verður mögulegt að sækja um stuðning frá FEI varðandi þróun hestafimleika á Íslandi og aðstoð við kennslu þjálfara.

5. Vöxtur og fjölbreytni hestaíþrótta
Hestafimleikar geta aukið þátttöku barna og ungmenna í hestaíþróttum og gefið þeim fleiri leiðir til að stunda íþrótt með hesti. Greinin getur einnig nýtt hesta á annan hátt en hefðbundin reiðmennska og þannig gert fleiri iðkendum kleift að taka þátt í hestaíþróttum.

6. Hlutverk og markmið hestafimleika
Hestafimleikar bæta við íslenskar hestaíþróttir nýrri grein sem stuðlar sérstaklega að þjálfunsamhæfingar, leikfimi og félagsfærni. Hestafimleikar geta bæði verið sjálfstæð íþróttagrein og nýst sem undirbúningsform fyrir aðrar hestaíþróttagreinar. LH getur því litið á hestafimleika sem mikilvægt framlag til heildstæðrar þróunar hestaíþrótta á Íslandi.

Fylgiskjal

DRÖG AÐ REGLUGERÐ UM HESTAFIMLEIKA (VAULTING)

1. Almennt
1.1 Hestafimleikar (Vaulting) eru íþrótt þar sem iðkendur framkvæma fimleikaæfingar á hesti meðan hann er hringteymdur.
1.2 Grunnforsenda hestafimleika er velferð hestsins og öryggi allra sem taka þátt í æfingum og keppni.
1.3 Hestafimleikar byggjast á trausti og samvinnu milli:
- þjálfara/hringteymara
- hests
- iðkenda

1.4 Þjálfun getur farið fram með:
- gólfæfingum
- æfingum á gervihesti
- öðrum æfingatækjum
- æfingum á hesti

1.5 Hestafimleikar eru bæði íþrótt og þjálfunarform.
1.6 Þjálfun hestsins, hringteymarans og iðkandans fer fram í áföngum og byggir á grundvallarreglum um öryggi, velferð hestsins og langtímaþróun.
1.7 Fræðslu- og þjálfunarhlutverkið hefur jafnmikið vægi í hestafimleikum og keppnisþátturinn. Sérstaklega við uppbyggingu nýrra mannvirkja og skipulags er markviss þjálfun grunnurinn að allri íþróttaiðkun.
1.8 Tæknilegar keppnisreglur skulu, eftir því sem við á, taka mið af gildandi FEI Vaulting Rules.

1.9 Keppni á byrjendastigi skal vera fyrsta formlega keppnisstig hestafimleika innan LH og er samþykkt sem hluti af viðurkenningu greinarinnar. Fyrirkomulag og reglur byrjendakeppni skulu vera samkvæmt viðauka 3 - KEPPNISREGLUR Í HESTAFIMLEIKUM Á BYRJENDASTIGI.

2. Velferð hestsins
2.1 Velferð hestsins skal ávallt hafa forgang.
2.2 Ekki má nota búnað, þjálfunaraðferðir eða framkvæmd æfinga með þeim hætti að hesturinn verði fyrir sársauka, ótta, óþarfa álagi eða óþægindum.
2.3 Hestur skal vera líkamlega og andlega hæfur til þeirra æfinga sem honum eru ætlaðar.
2.4 Þjálfun skal taka mið af aldri, reynslu, líkamlegu ástandi og getu hestsins.

3. Öryggi
3.1 Allir sem koma að hestafimleikum skulu haga sér þannig að öryggi hests, iðkenda, þjálfara og annarra sé tryggt.
3.2 Æfingar skulu fara fram við aðstæður sem henta verkefninu og bjóða upp á nægilegt rými. (sjá nánar í hringteyming 6.5 og framvegis)
3.3 Gólfæfingar og æfingar á öðrum æfingatækjum skulu, eftir því sem hægt er, fara fram á afmörkuðu svæði aðskildu frá hringteymingarsvæði.
3.4 Þar sem hestafimleikar eru stundaðir skal ávalt leggja áherslu á fræðslu um:

- örugga umgengni við hest
- upp- og afstökksæfingar
- falltækni
- samskipti við hest
- hlutverk hringteymara
- neyðarviðbrögð

4. Búnaður hestsins
4.1 Búnaður skal vera heill, hreinn, rétt stilltur og viðeigandi fyrir hestinn.
4.2 Búnaður má ekki vera þannig stilltur eða notaður að hann valdi hestinum sársauka eða óþarfa óþægindum.
4.3 Beisli, mél, hliðartaumar, fóthlífar og annar almennur reiðbúnaður skulu uppfylla gildandi reglur LH um leyfðan búnað, eftir því sem þær eiga við.
4.4 Hestafimleikar (Vaulting)-sértækur búnaður skal uppfylla ákvæði 5. kafla þessarar reglugerðar og tæknikröfur í viðauka 1 - HESTAFIMLEIKAGJÖRÐ, UNDIRDÝNA OG DÝNA.

5. Hestafimleikagjörð og dýna
5.1 hestafimleikagjörð skal vera með:

- föstum handföngum (helst tveimur)
- tveimur ólum eða lykkjum, einni á hvorri hlið
- öruggum festingum

5.2 Gjörðin skal vera rétt staðsett og stillt þannig að hún trufli ekki öndun, hreyfingu eða eðlilega líkamsbeitingu hestsins.
5.3 Undirdýna er skyldubúnaður og skal vera úr efni sem mótast að baki hestsins til að draga úr áhrifum ytri krafta sem verða vegna iðkenda.
5.4 Dýna er sett á milli gjarðar og undirdýnu. Hún skal vera nægilega þunn til að tryggja stöðugleika gjarðarinnar.

5.5 Gjörð, dýna og undirdýna skulu uppfylla tæknikröfur sem settar eru í viðauka 1- HESTAFIMLEIKAGJÖRÐ, DÝNA OG UNDIRDÝNA.

6. Hringteyming
6.1Hver hestur skal vera hringteymdur af einum hringteymara.
6.2Hringteymari skal hafa næga kunnáttu til að stjórna hestinum á öruggan hátt.
6.3Hringtaumur skal vera sérstaklega ætlaður til hringteymingar, heill og nægilega sterkur.
6.4 Hringtaumurinn skal að jafnaði vera festur í innri hring beislisins.
6.5 Hringteyming skal fara fram á öruggu og afmörkuðu svæði, svo sem í reiðhöll eða á öruggum útivelli, með nægu rými.
6.6 Hringteymingarhringur skal vera eins stór og aðstæður leyfa á æfingasvæði með velferð hestsins í huga.
6.7 Utan hringsins skal vera nægilegt öryggissvæði, helst um 2 metrar. Hindranir, veggir eða girðingar skulu ekki vera svo nálægt hringnum að þær skapi hættu.
6.8 Á gólfi- og á öðrum þjálfunartækjum skulu æfingar fara fram á nægilega stóru og, eftir því sem hægt er, aðskildu svæði.
6.9 Undirlag skal vera jafnt, stöðugt og hæfilega fjaðrandi fyrir hest og iðkendur.

7. Pískur og notkun hans
7.1 Hringteymari skal hafa hringteymingarpísk.
7.2 Pískur skal fyrst og fremst vera hjálpartæki við breytingar á gangi og hreyfingu.
7.3 Písk skal nota sem stjórntæki en ekki sem refsingu. Gróf eða óhófleg notkun písks er bönnuð.
7.4 Hringteymari skal halda viðeigandi hraða og hring og stuðla að jafnvægi, slökun og reglusemi hestsins.
7.5 Hesturinn skal læra að sætta sig við pískinn án hræðsluviðbragða.

8. Iðkendur
8.1 Hestafimleikar skulu vera aðgengilegir til iðkunar óháð kyn eða aldri.
8.2 Aldursblöndun er æskileg til að styðja við félagslegt nám, öryggi og jákvæða þjálfun.
8.3 Fyrir yngstu iðkendurna skal sérstaklega hugað að því að hópar séu hæfilega stórir og að þjálfunin sé leidd af hæfum þjálfara.
8.4 Æfingar skulu valdar með hliðsjón af:

- líkamlegri getu iðkanda
- andlegum þroska
- reynslu
- færni
- getu hestsins

8.5Velferð hestsins er ávallt í forgangi.
8.6 Að hámarki mega þrír iðkendur vera á hesti í einu. Við æfingar og byrjendastarf skal þó ávallt taka mið af aldri, færni iðkenda, getu hestsins og velferð hans.

9. Fatnaður iðkenda
9.1. Fatnaður skal vera líkamssniðinn svo hann tryggi ávallt frjálsar hreyfingar og skapi öryggi. Víðir vasar, hettur og reimar geta skapað hættu.
9.2 Æskilegt er að iðkendur séu:

- í frekar þröngum og hentugum íþróttafötum
- í mjúkum og hentugum skóm með góðu gripi

- með hárið bundið upp, sé það sítt

9.3 Vegna öryggis er óæskilegt að iðkendur séu með:

- hjálm
- skartgripi
- laus tæki eða hluti sem geta valdið hættu
- tyggjó

9.4 Iðkendur skulu ekki vera með snjalltæki á meðan á æfingu stendur nema þau séu sérstaklega heimiluð af þjálfara vegna öryggis eða þjálfunar.

10. Þjálfari

10.1 Æfingar skulu fara fram undir stjórn hæfs þjálfara.

10.2 Þjálfari gætir þess að æfingar séu við hæfi iðkenda og hests. Sjá viðauka 2 - ÆFINGAR Í HESTAFIMLEIKUM Á BYRJENDASTIGI

10.3 Þjálfari skal stöðva æfingu ef hann telur að öryggi eða velferð hests eða iðkenda sé stefnt í hættu.

10.4 Geta þjálfara þróast í samræmi við reynslu hans, menntun og áframhaldandi uppbyggingu viðkomandi félags og starfsemi þess.

10.5. LH skal vinna að því að komið verði á formlegu fræðslu- og réttindakerfi fyrir þjálfara í hestafimleikum.

11. Keppni

11.1 Hestafimleikar eru viðurkenndir sem íþróttagrein innan LH. Keppni á byrjendastigi er fyrsta formlega keppnisstig greinarinnar innan LH og skal þróað með hliðsjón af aldri, færni og reynslu iðkenda. Keppnin á byrjendastigi fer fram á feti. Sjá viðauka 3 - KEPPNISREGLUR Í HESTAFIMLEIKUM Á BYRJENDASTIGI.

11.2 Keppnisfyrirkomulag á byrjendastigi skal vera einfalt, öruggt og stigvaxandi. Við þróun þess skal sérstaklega horft til:

- öryggis
- velferðar hests
- grunnfærni
- jákvæðrar upplifunar
- stigvaxandi þróunar iðkandans

Á byrjendastigi skal áhersla á þátttöku, öryggi og grunnfærni vega þyngra en árangur og erfiðleikastig.

11.3 Keppnisreglur hestafimleika skulu þróaðar með FEI Vaulting Rules sem fyrirmynd og tæknilegan viðmiðunarramma, en aðlagaðar að íslenskum aðstæðum og þeim keppnisstigum sem LH samþykkir.

11.4 Við þróun greinarinnar skal stefnt að því að færa keppnisfyrirkomulagið stigvaxandi nær alþjóðlegum stöðlum FEI eftir því sem reynsla, þekking, aðstaða og faglegur grunnur greinarinnar innan LH leyfa.

11.5 Þegar og ef íslenskir iðkendur taka þátt í alþjóðlegum FEI-keppnum skulu gildandi FEI-reglur gilda.

12. Dómarar og fagfólk

12.1 LH skal hafa yfirumsjón með menntun og viðurkenningu dómara í hestafimleikum.

12.2 Við uppbyggingu dómarakerfis skal leita eftir samstarfi við sérfræðinga og FEI eftir því sem við á.

12.3 Dómarar skulu starfa samkvæmt gildandi reglum LH, siðareglum og þeim sérreglum sem gilda um hestafimleika.

13. Alþjóðlegt regluverk

13.1 FEI Vaulting Rules skulu vera fyrirmynd og tæknilegur viðmiðunarrammi við þróun íslenskra keppnisreglna í hestafimleikum.

13.2 Íslenskar landskeppnisreglur mega á uppbyggingartímabilinu vera einfaldari og aðlagaðar að byrjendum og íslenskum aðstæðum, enda taki þær mið af grundvallarviðmiðum FEI og stangist ekki á við bindandi alþjóðlegar reglur þegar FEI-keppnir eiga í hlut.
13.3 Markmiðið með stigvaxandi samræmingu við FEI er að skapa grundvöll fyrir áframhaldandi þróun hestafimleika á Íslandi í átt að alþjóðlegu keppnisstigi.

14. Endurskoðun reglugerðar
14.1 Reglugerð þessi skal endurskoðuð reglulega í ljósi reynslu af starfsemi greinarinnar.
14.2 Við endurskoðun skal sérstaklega horft til:

- reynslu íslenskra þjálfara
- reynslu iðkenda
- velferðar hesta
- slysa og öryggismála
- þróunar FEI-reglna
- reynslu annarra landa þar sem hestafimleikar eru í uppbyggingu

14.3 Markmið reglugerðarinnar skal vera að skapa skýran og öruggan grunn fyrir uppbyggingu hestafimleika sem íþróttagreinar á Íslandi, með byrjendastig keppni sem fyrsta skrefi, og gera greininni kleift að þróast síðar í átt að alþjóðlegu keppnisstigi með FEI sem fyrirmynd.

Viðauki 1

HESTAFIMLEIKAGJÖRÐ, UNDIRDÝNA OG DÝNA

1. Hestafimleikagjörð
Hestafimleikagjörð er sérstök gjörð sem liggur utan um búk hestsins og er ætluð til hestafimleika. Hún skal:

- vera með traustum og föstum handföngum (helst tveimur) sem iðkendur geta gripið í
- hafa öruggar festingar fyrir gjörðina
- vera heil og laus við skemmdir sem geta skapað hættu
- vera rétt stillt að hestinum
- ekki þrengja að öndun eða hreyfingu hestsins

2. Undirdýna
Undirdýna er mjúk, heil og viðeigandi dýna sem verndar bak hestsins og tryggir stöðugt undirlag fyrir gjörðina.
Undirdýnan skal:

- liggja jafnt á baki hestsins
- ekki vera skemmd eða of þunn á álagssvæðum
- ekki renna eða valda óstöðugleika í gjörðinni eða fyrir iðkenda
- ekki skapa óþarfa þrýsting á hestinn

3. Dýna
Nota skal dýnu á milli hests og undirdýnu, sem dreifir þrýstingi gjarðarinnar og verndar hestinn.
Undirdýnan skal vera:

- mjúk og heil
- jöfn og stöðug
- þannig að hún ítreki rétta staðsetningu gjarðarinnar
- þannig að gjörðin valdi ekki óeðlilegum þrýstingi

4. Ábyrgð á búnaði

Þjálfari eða hringteymari skal áður en æfing eða keppni hefst ganga úr skugga um að gjörð, undirdýna, dýna og festingar séu heilar, rétt staðsettar og hæfar fyrir viðkomandi hest.
Velferð hestsins hefur ávallt forgang.

Viðauki 2

ÆFINGAR Í HESTAFIMLEIKUM Á BYRJENDASTIGI

Hvernig velja skal uppbyggjandi æfingar með velferð hestsins að leiðarljósi:

1. Æfingar skulu vera vel undirbúnar á gólfi og með æfingatækjum áður en þær eru framkvæmdar á hesti á feti.
2. Hreyfingar iðkenda skulu vera mjúkar og í samræmi við hreyfingar hestsins. Meginregla: Hesturinn á að finna sem minnst fyrir hreyfingum og æfingum iðkenda.
3. Hafa skal í huga að þeir fletir líkama iðkandans sem snerta hestinn og bera álag skulu vera sem stærstir. Til dæmis skal iðkandi standa með alla il á hestinum en ekki aðeins á tánum.
4. Taka skal mið af líkamlegum forsendum bæði hests og iðkenda þegar æfingar eru valdar. Til dæmis skal forðast að stór eða þungur iðkandi standi í annarri ólinni, þar sem það getur haft veruleg áhrif á jafnvægi hestsins og aukið álag á liði og bein hans.
5. Hreyfingar sem fela í sér uppstökk eða stökk skulu framkvæmdar þannig að lending á hestinum sé mjúk og stjórnuð.
6. Hafa skal í huga heildarþyngd iðkenda á hestinum og hvernig þyngdin dreifist yfir bak hestsins. Að hámarki skulu þrír iðkendur vera á hesti í einu.
7. Forðast skal að setja mikla þyngd á háls hestsins eða á hliðar hans.
8. Á æfingum skal reglulega skipta um hönd í hringteymingu og hafa hringinn sem stærstan til að draga úr álagi á hestinn.
9. Æfingatími á hesti skal taka mið af þroska hans og getu. Að jafnaði ekki vera lengri en 60 mínútur á dag og æfingar á hesti skulu að jafnaði ekki fara fram oftar en tvisvar í viku fyrir sama hest í hestafimleikaæfingum.
10. Hesturinn skal að auki fá fjölbreytta þjálfun, svo sem undir knapa eða með annarri viðeigandi þjálfun, til að viðhalda styrk, jafnvægi og líkamlegri fjölbreytni.

Viðauki 3

KEPPNISREGLUR Í HESTAFIMLEIKUM Á BYRJENDASTIGI

A. Almennt

1. Tilgangur
Keppni á byrjendastigi er fyrsta formlega keppnisstig hestafimleika innan LH. Markmiðið er að skapa öruggt og einfalt umhverfi þar sem iðkendur geta öðlast reynslu og byggt upp grunnfærni.

2. Hesturinn
2.1 Hesturinn skal vera hæfur til keppni og velferð hans skal ávallt hafa forgang.
2.2 Hestur má að hámarki taka þátt í 3 keppnisatriðum á dag. Einstaklings- og parakeppni teljast hvort um sig sem eitt keppnisatriði. Sé hestur skráður í 2 hópakeppnir skal hann ekki taka þátt í öðrum keppnisatriðum þann dag.

3. Búnaður og öryggi
Búnaður og framkvæmd skulu uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar, reglur LH um öryggi og velferð hests og taka mið af gildandi FEI Vaulting Rules.

4. Hringteyming
Við keppni skal miðað við 15 metra þvermál keppnishrings.

5. Framkvæmd
5.1 Á byrjendastigi fer keppnin fram á feti.
5.2 Iðkendur sýna æfingar í samræmi við færni. Áhersla skal vera á örugga framkvæmd, jafnvægi, samvinnu við hestinn og góða líkamsbeitingu.
5.3 Eftir merki dómara kemur keppandi eða hópur með hestinn inn í keppnishringinn, stillir sér upp og heilsar dómaranum með einfaldri kurteisisheilsun. Að lokinni keppni er heilsað dómaranum að nýju áður en keppandi eða hópur fer út úr hringnum.
5.4 Mótstilkynning
Mót skulu auglýst með minnst 7 daga fyrirvara. Í mótstilkynningu skulu koma fram upplýsingar um mótsstað og dagsetningu, keppnisgreinar, skráningarfrest og skráningargjald, ef við á. Skráningarfrestur skal koma fram í mótstilkynningu og skal ekki vera skemmri en 3 dagar.
5.5 Mótsskráning
Skráning skal fara fram samkvæmt leiðbeiningum í mótstilkynningu og innan tilskilins skráningarfrests. Við skráningu skulu koma fram nöfn og aldur allra iðkenda, keppnisflokkur og nafn hests.

6. Keppnisform
6.1 Keppni getur farið fram í einstaklingskeppni, parakeppni og hópakeppni.
6.2 Keppni í öllum flokkum skiptist í skylduæfingar og frjálst prógramm.
6.2.1 Skylduæfingar
6.2.1.1 Hver iðkandi framkvæmir þær skylduæfingar sem fram koma í mótstilkynningu.
6.2.1.2 Allir iðkendur í sama flokki framkvæma sömu skylduæfingar, sem eru dæmdar samkvæmt fyrirfram ákveðnum matsviðmiðum.
6.2.1.3 Skylduæfingar skulu framkvæmdar í eðlilegum og samfelldum hraða, án óþarfa tafa milli æfinga. Hver æfing skal framkvæmd á hæfilegum tíma.
6.2.1.4 Æfingar á byrjendastigi geta verið t.d.
6.2.2 Frjálst program
6.2.2.1 Í frjálsa prógramminu setja iðkendur sjálfir saman æfingaröð fyrirfram, sem skal vera æfð fyrir keppni.
6.2.2.2 Æfingarnar skulu vera í samræmi við færni iðkenda og framkvæmdar með öryggi og velferð hestsins að leiðarljósi.
6.2.3 Tímatakmörk frjáls prógramms
6.2.3.1 Frjálsa prógrammið skal vera innan þess tímatakmarks sem tilgreint er fyrir viðkomandi keppnisgrein.
6.2.3.2 Tímataka hefst þegar fyrsta æfing frjálsa prógrammsins er hafin og lýkur þegar tímatakmarkinu er náð.
6.2.3.3 Aðeins skal sá hluti frjálsa prógrammsins sem framkvæmdur er innan tilskilins tíma dæmdur.

7. Dómar og dómarar
7.1 Dæmt skal eftir fyrirfram ákveðnum einföldum viðmiðum um framkvæmd, grunnfærni, jafnvægi, öryggi og samvinnu við hestinn.

7.2 Áhersla skal vera á færni og jákvæða reynslu fremur en erfiðleikastig.
7.3 Dómarar skulu dæma samkvæmt fyrirfram ákveðnum matsviðmiðum og gæta sanngirni, jafnræðis og samræmis í dómgæslu.
7.4 Við fall eða annað öryggisatvik skal dómari stöðva framkvæmd eftir því sem þörf krefur. Öryggi iðkenda og velferð hestsins skal ávallt hafa forgang.
7.5 Dómarar á byrjendastigi skulu vera að lágmarki tveir í hverri keppni og eru skipaðir af mótsnefnd. Dómarar geta verið hestafimleikaþjálfarar eða fagmenn á tengdum sviðum, svo sem reiðkennarar eða fimleikaþjálfarar, þar til formlegt dómarakerfi og menntun er komið á fót á Íslandi.

8. Einkunnir og niðurstaða
8.1 Einkunnir fyrir skylduæfingar eru gefnar á einkunnaskalanum 0–10, þar sem 10 er hæsta einkunn og 0 gefið sé æfing ekki framkvæmd.
8.2 Við dómgæslu skal sérstaklega meta:

- framkvæmd og tækni,
- jafnvægi og líkamsstjórn,
- öryggi og stjórn á hreyfingum,
- samvinnu og samræmi við hreyfingar hestsins,
- eftir því sem við á, hegðun, takt og hreyfingar hestsins.

8.3 Kyrrstæðar æfingar skulu haldast í að minnsta kosti fjórum fetsporum. Sé kyrrstæð æfing ekki haldin í að minnsta kosti fjögur fetspor skal draga eina einkunn frá framkvæmdareinkunn æfingarinnar.
8.4 Einkunnir fyrir frjálsar æfingar eru gefnar á einkunnaskalanum 1–10 þar sem 10 er hæsta einkunn.
8.5 Frjálsa prógrammið er metið með hliðsjón af eftirfarandi þáttum:

1. Framkvæmd – öryggi, jafnvægi og líkamsstjórn við framkvæmd æfinga.
2. Samhljómur við hestinn – að framkvæmd iðkenda falli vel að hreyfingum og takti hestsins.
3. Samvinna – samhæfing og samspil iðkenda í para- og hópkeppni.
4. Uppbygging og fjölbreytni – samsetning, fjölbreytni og heildarmynd frjálsa prógrammsins.

Einstaklingskeppni er metin eftir þáttum 1, 2 og 4 en para- og hópkeppni eftir öllum fjórum þáttunum.
8.6 Einkunn hests
Hesturinn er metinn sérstaklega á kvarðanum 1–10 með hliðsjón af:

- Ró og samvinnu við iðkendur
- Takti og reglufestu gangtegundar
- Jafnvægi og hreyfingum

Einkunn hestsins er hluti af heildareinkunn keppandans eða hópsins og gildir 25%.
8.7 Lokaeinkunn
8.7.1 Lokaeinkunn skal reiknuð sem vegið meðaltal matsþátta samkvæmt vægi þeirra.
Útreikningur einkunnar:

- Skylduæfingar 40%
- Frjálst prógramm 35%
- Hestur 25%

8.7.2 Við jafntefli ræður hærri einkunn fyrir skylduæfingar. Sé enn jafnt ræður hærri einkunn fyrir frjálst prógramm. Sé enn jafnt ræður hærri einkunn hestsins.
8.7.3 Allar skylduæfingar hafa jafnt vægi. Einkunn fyrir skylduæfingar er reiknuð með því að leggja saman einkunnir allra skylduæfinga og deila með fjölda þeirra. Meðaleinkunn skylduæfinga er síðan vegin 40% í lokaeinkunn.

8.8 Á byrjendastigi skal leggja meiri áherslu á rétta og örugga framkvæmd, grunnfærni og jákvæða þróun en erfiðleikastig.

B Einstaklings-, para- og hópakeppni

1. Einstaklingskeppni
1.1 Aldur iðkenda í einstaklingskeppni er 14 ára og eldri.
1.2 Iðkendur sýna frjálsa prógrammið að loknum skylduæfingum, með stuttri pásu á milli.
1.3 Frjálsa prógrammið má vera að hámarki 1 mínúta.

2. Parakeppni
2.1. Í parakeppni skal annar iðkandinn vera að lágmarki 12 ára.
2.2 Í parakeppni sýna báðir iðkendur skylduæfingar. Að þeim loknum er stutt hlé áður en frjálsa prógrammið er sýnt.
2.3 Í parakeppni skal gæta jafnræðis milli iðkenda þannig að báðir taki sambærilegan þátt í frjálsa prógramminu og séu sambærilega lengi á hestinum.
2.4 Frjálsa prógrammið má vera að hámarki 2 mínútur.
3 Hópakeppni
3.1 Í hópakeppni skulu að hámarki 10 iðkendur vera í hverjum hópi.
3.2 Í hópakeppni sýna allir iðkendur skylduæfingarnar.
3.3 Í frjálsa prógramminu mega vera einn, tveir eða að hámarki þrír iðkendur á hestinum samtímis.
3.4 Fjöldi og samanlögð þyngd iðkenda skal taka mið af byggingu, burðargetu og ástandi hestsins, þannig að jafnvægi, gangur og eðlilegar hreyfingar hans haldist.
3.5 Iðkendur sýna frjálsa prógrammið beint að loknum skylduæfingum.
3.6 Grunntími frjálsa prógrammsins er 4 mínútur fyrir allt að 8 iðkendur. Fyrir hvern iðkanda umfram 8 bætast 30 sekúndur við.
Dæmi:

- 8 iðkendur eða færri: 4 mínútur
- 9 iðkendur: 4 mínútur og 30 sekúndur
- 10 iðkendur: 5 mínútur

4. Þróun
Keppnisreglurnar skulu þróast stigvaxandi með reynslu og þekkingu innan greinarinnar og með FEI Vaulting Rules sem fyrirmynd.